

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008, með síðari breytingum
(bann við myndatökum og hljóðupptökum í dómhúsum).

Flm.: Þorsteinn Sæmundsson, Anna Kolbrún Árnadóttir, Bergþór Ólason,
Birgir Þórarinsson, Gunnar Bragi Sveinsson, Karl Gauti Hjaltason,
Ólafur Ísleifsson, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Sigurður Páll Jónsson.

1. gr.

1. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:

Óheimilt er öðrum en dómstólum að hljóðrita eða taka myndir í þinghaldi eða í dómhúsum. Jafnframt er óheimilt að streyma hljóði eða mynd úr þinghaldi eða greina frá því sem sakborningur eða vitni skýrir frá við skýrslutöku meðan á henni stendur. Dómari getur veitt undanþágu frá banni við öllu framangreindu ef sérstaklega stendur á, enda sé þess gætt að myndatökum og hljóðupptökum verði ekki beint að aðilum dómsmáls án samþykkis þeirra. Ef tekið hefur verið upp hljóð eða teknar myndir í þinghaldi án leyfis dómara er óheimilt að birta þær hljóðupptök eða myndir. Sama gildir um birtingu hljóð- og myndupptakna af munnlegum framburði sem dómstóll hefur annast. Einnig eru óheimilar myndatök og hljóðupptök af sakborningum, brotapolum eða vitnum á leið í dómhús eða frá því án samþykkis þeirra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 141. löggjafarþingi og endurflutt með nokkrum breytingum á 149. löggjafarþingi (234. mál). Það er nú lagt fram að nýju með nokkrum breytingum með hliðsjón af lögum nr. 76/2019, um breytingu á lögum um meðferð einkamála, lögum um meðferð sakamála og fleiri lögum (málsmeðferðarreglur o.fl.).

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að víkka gildissvið 1. mgr. 11. gr. laga um meðferð sakamála um bann við myndatökum og hljóðritun af aðilum að sakamálum, sem eru á leið í dómhús eða frá því, án samþykkis þeirra. Er slíkt ákvæði að norskri og danskri fyrirmynd. Ákvæðinu er ekki ætlað að ná til myndatöku og hljóðritunar sem fram fer á vegum dómstólsins sjálfs, og eru þar hafðar í huga þær upptök sem eru eðlilegar við rekstur dómstólsins, svo sem hljóðritun á framburði vitna og hefðbundin notkun öryggismyndavéla. Þá er gert ráð fyrir því að dómari geti heimilað myndatöku og hljóðritun með sérstöku leyfi og er þar átt við upptök er ekki snerta aðila dómsmáls, sem eru í dómhúsinu vegna málsins. Má hér hugsa sér myndatöku vegna almennrar fréttar um dómstólinn eða viðtals við dómara o.s.frv.

Í dönskum réttarfarslögum (d. retsplejeloven) er meginreglan sú að hljóðritun eða myndatök eru bannaðar, sbr. 1. mgr. 32. gr. laganna. Enn fremur eru myndatök í dómhúsum bannaðar, nema með sérstöku leyfi, sbr. 5. mgr. 32. gr. sömu laga. Sama gildir um mynda-

tökur af grunuðum mönnum, sakborningum eða vitnum í sakamáli sem eru á leið til eða frá þinghaldi, sbr. 6. mgr. sama ákvæðis.

Ákvæðum í norskum dómstólalögum (n. domstolloven) svipar nokkuð til dönsku reglnanna. Myndatökur og hljóðritanir í þinghaldi í sakamálum eru bannaðar og einnig er bannað að hljóðrita eða taka myndir af sakborningi á leið til eða frá þinghaldi eða í dómhúsi því þar sem þinghald fer fram, sbr. 131. gr. a laganna. Heimilt er að víkja frá þessu ef veigamikil rök mæla með því.

Mjög hefur færst í vöxt að reynt sé að ná myndum af aðilum og vitnum í dómsmáli þegar þeir sinna erindum sínum í dómhúsum. Einkum á þetta við í opinberum málum. Undanfarin ár hefur jafnvel verið tíðkað að beina myndavélum inn í dómsali þegar dyr eru opnaðar meðan á þinghaldi stendur, svo sem þegar nýtt vitni gengur í salinn. Leiðir það til þess að hinn ákærði og vitni þurfa jafnan að hafa vara á sér að þessu leyti meðan á þinghaldinu stendur í stað þess að einbeita sér að málsvörn sinni eða vitnaleiðslu. Þykja þessar aðstæður vera til þess fallnar að trufla málsaðila, enda hafa þær slæm áhrif á bæði sakborninga og vitni. Dæmi eru um að vitni hafi viljað koma sér undan því að bera vitni vegna þessa. Einnig er ljóst að tækninni hefur fleygt fram hvað varðar farsíma, spjaldtölvur og myndavélar þannig að unnt er t.d. að taka myndir af skjölum í dómsal eða skjölum í fórum sakborninga eða vitna í dómhúsi. Slíkar myndatökur geta haft óeðlileg áhrif á gang mála.

Meginreglan er sú að þinghöld skuli háð í heyranda hljóði, sbr. 10. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008. Sú regla er ekki skert með því að banna myndatökur af aðilum máls inni í dómhúsi eða nálægt því eins og tíðkast í Danmörku og Noregi. Sú takmörkun sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu gengur ekki of nærri meginreglunni um opin þinghöld að mati flutningsmanna, enda er ekki verið að takmarka möguleika fjölmiðla eða annarra til að sækja þinghald og fylgjast með því sem þar fer fram. Þvert á móti verður aðgangur áfram opin og fjölmiðlum frjálst að fylgjast með og greina frá framgangi dómsmála. Þá er ekki heldur verið að auka heimildir dómara til að mæla fyrir um að þinghald fari fram fyrir luktum dyrum.